

Úr grunn- í framhaldsskóla á Snæfellsnesi



Úr grunn- í framhaldsskóla á Snæfellsnesi

Verkferlar við útskrift nemenda úr grunnskóla og inngöngu í framhaldsskóla.

Grunnskólarnir á Snæfellsnesi, Grunnskóli Grundarfjarðar, Grunnskóli Snæfellsbæjar og Grunnskólinn í Stykkishólmi fylgja ákveðnu verkferli þegar nemendur útskrifast úr 10. bekk og hefja nám við Fjölbrotaskóla Snæfellinga. Stjórnendur skólanna, námsráðgjafi Fjölbrotaskóla Snæfellinga ásamt náms- og starfsráðgjafa Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga hafa þróað þessa verkferla og byggja þeir á Aðalnámskrá grunnskóla (2011, 15. kafla). Einnig byggja þeir á ákvæðum í reglugerð nr. 585/2010 um nemendur með sérþarfir í grunnskóla og reglugerð nr. 230/2012 um nemendur með sérþarfir í framhaldsskólum.

Markmiðið með þessum verkferlum er að skapa samfellu í námi nemenda á Snæfellsnesi og koma enn betur til móts við þarfir þeirra. Í hverjum skóla er tengiliður sem heldur utan um ferlið og samskipti við samstarfsskólana. Verkferill þessi er endurskoðaður á fundi stjórnenda og Fjölbrotaskóla Snæfellinga í upphafi hvers skólaárs og birtur í starfsáætlun hvers skóla.

Til að stuðla að sveigjanleika á mörkum grunnskóla og framhaldsskóla og stuðla að jafnræði milli nemenda óháð búsetu er æskilegt að allir grunnskólanemendur fái kynningu á þeim fjölbreyttu möguleikum sem nemendur hafa á áframhaldandi námi eftir lok grunnskóla.

Setja þarf fram stefnu um aðgengi nemenda í grunnskólum Snæfellsness að námi á framhaldsskólastigi í samræmi við 26.gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008: Grunnskólanemendur eiga rétt á að stunda nám í einstökum námsgreinum á framhaldsskólastigi meðan þeir eru í grunnskóla enda hafi þeir sýnt fullnægjandi færni.

Náms- og starfsráðgjöf

Byrjað er að undirbúa nemendur undir val á framhaldsskólum í 8. og 9. bekk með náms- og starfsráðgjöf og markvisst er bætt við kynningum og leiðbeiningum þar til nemandinn er kominn af stað með námið í framhaldsskólanum.

Kynningar til nemenda er í samstarfi við umsjónarkennara/kennara hvers skóla.

Helstu áherslur:

8. bekkur:

- Námstæknifyrirlestrar
 - Markmið
 - Tímastjórnun/skipulag
 - Lífsvenjur
- Nám og störf
 - Áhugaverð störf
 - Við hvað starfa foreldrar/forráðamenn

9. bekkur

- Námstæknifyrirlestrar
 - Minni og einbeiting
 - Sjálfstæð vinnubrögð og ábyrgð á eigin námi
 - Jákvætt hugafar
- Nám og störf
 - Framhaldsskólar
 - Bóklegt nám
 - Iðn-, starfs- og tækninám
 - Listnám
 - Bekkjakerfi og áfangakerfi
 - Hvað þarf ég að læra til að verða...? upplýsingar um menntun og störf

10. bekkur

- Námstæknifyrirlestrar
- Nám- og störf
 - Glósur
 - Prófundirbúningur
 - Próf
 - Tímaskipulag
 - Markmið
- Nám- og störf
 - Framhaldsskólakynning
 - Námsframboð
 - Inntökuskilyrði
 - Innritun (for- og lokainnritun)
 - Bendill áhugasviðskönnun
 - Einstaklingsviðtöl hjá náms- og starfsráðgjafa
 - Upplýsingar um opin hús í framhaldsskólum
- Framhaldsskólahermir áætlaður í 6. viku nýs árs og dagsetning staðfest á fyrsta stjórnendafundi með FSN. (NogS FSN)
- Kynningar í grunnskólum áætlaðar í 9. viku nýs árs og dagsetning staðfest á fyrsta stjórnendafundi með FSN. (NogS FSN)

- Sameiginlegur foreldrafundur sömu viku og kynningar í grunnskólum (NogS FSN og FSS)

Grunnskólarnir

- Grunnskólar afhenda veflykla til nemenda í 10. bekk inná menntagátt.is
- Grunnskólar fylgja því eftir að kynna fyrir nemendum sem munu sækja starfsbrautir í framhaldsskólum innritunarferlið. Sjá hér <https://mms.is/um-innritun>
- Við útskrift úr grunnskóla fá nemendur vitnisburð afhendann sem jafnframt er vottorð um lok skyldunáms.
 - Vitnisburður sendur rafrænt
 - Önnur gögn (greiningargögn) send með samþykki foreldra/forráðamanna
- Ferð á Íslandsmót iðn og verkgreina/stóru framhaldsskólakynninguna (annað hvert ár)
- Taka á móti framhaldsskólum sem óska eftir heimsókn til að kynna námleiðir og námsframboð í sínum skóla.

Útskrift úr grunnskóla á skemmri en 10 árum

Samkvæmt 32.g í Lögum um grunnskóla er skólastjóra heimilt að útskrifa nemenda úr grunnskóla áður en tíu ára skyldunámi er lokið, enda uppfylli nemandi námskröfur grunnskóla í samræmi við lokamarkmið aðalnámskrár

Nemendur í samráði við forráðamenn geta sótt um að ljúka námskrá 9. og 10. bekkjar á einu ári og útskrifast úr grunnskóla eftir 9 ára nám. Skólastjóri metur hverja umsókn út frá námsárangri, þroska og félagslegri stöðu viðkomandi nemanda. Ákvörðun er tekin í nánú samráði nemandans, forráðamanna og skólastjóra. Hver grunnskóli setur sér nánari verklagsreglur.

Framhaldsskólanám hefst í grunnskóla

Þeir nemendur sem hafa lokið námsgreinum á grunnskólastigi, með fullnægjandi hætti, geta sótt nám á framhaldsskólastigi, samanber ákvæði grunnskólalaganna.

Kostnaður vegna framhaldsskólaáfanga grunnskólanemenda

Skólayfirvöld á Snæfellsnesi þurfa að taka af allan vafa um hver eigi að bera kostnað vegna náms grunnskólanemenda á framhaldsskólastigi og áætla fjármagn til grunnskóla sveitarfélaganna sem við á til að mæta þeim kostnaði sem aukinn sveigjanleiki á skilum grunn- og framhaldsskóla kallar á. Gæta þarf jafnræðis milli allra nemenda sem óska eftir að taka framhaldsskóla áfanga og uppfylla ákvæði laganna á meðan þeir eru enn í grunnskóla, þannig að það sitji allir við sama borð hvað þennan kostnað varðar.

Brottfall

Áhættuþættir og verndandi þættir í framhaldsskóla

- Námsleg skuldbinding
 - Hversu vel námið fellur að þeirra áhugasviði og hversu mikið nemendur telja að það nýtist þeim í framtíðinni
 - Stuðningur kennara
- Félagsleg skuldbinding
 - Hversu vel nemandinn tengist öðrum nemendum í skólanum og félagslífi
 - Líðan nemanda í skólanum
- Námshegðun
 - Þátttaka og virkni í námi
 - Mætingar í skólann
 - Metnaður til náms
 - Trú á eigin getu

Þættir varðandi fyrri skólagöngu

- Virkni og hegðun í grunnskóla
- Námsárangur í 10. bekk
- Námsferfiðleikar

Samskipti við foreldra og þátttöku þeirra í skólagöngu nemenda

- Stuðningur foreldra/forráðamanna
 - Tilfinningarlegur stuðningur
- Eftirfylgni
 - Aðhald og eftirlit
- Hvatning og þátttaka

(Kristrún Birgisdóttir. (2018). *Aðgerðir gegn brotthvarfi: Staða verkefnis - febrúar 2018*. Kópavogur: Menntamálastofnun.)

Hættir námi í Fjölbrotaskóla Snæfellinga

Nemendur sem hefja nám í FSN fyrsta árið sitt í framhaldsskóla, ljúka ekki allir skólagöngu sinni þar. Sumir þeirra skrá sig í aðra skóla en teljast samt sem brottfallsnemendur hjá FSN. Margir af þeim nemendum sem hætta í námi í FSN fara í verknám eða aðrar námsbrautir sem ekki er boðið uppá þar.

Jafnræði milli nemenda, samræmdar reglur og upplýsingagjöf

Starfshópurinn leggur áherslu á mikilvægi þess að tryggja jafnræði nemenda í öllum grunnskólum Snæfellsness þegar kemur að skilum skólastiga. Setja þarf fram stefnu um aðgengi nemenda í grunnskólum Snæfellsness að námi á framhaldsskólastigi í samræmi við 26.gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008: Grunnskólanemendur eiga rétt á að stunda nám í einstökum námsgreinum á framhaldsskólastigi meðan þeir eru í grunnskóla enda hafi þeir sýnt fullnægjandi færni. Jafnframt þarf að marka skýra stefnu og sýn varðandi möguleika á styttingu náms í grunnskólanum. Allar upplýsingar hvað þetta varðar þarf að kynna vel fyrir nemendum og foreldrum og hafa þær aðgengilegar á heimasíðum skólanna.

Útskrift úr grunnskóla

Dagsetning á útgáfu lokaeinkunna nemenda úr grunnskóla við lok 10. bekkjar tekur mið af lokadegi innritunar í framhaldsskóla. Mikilvægt er að nemendur og forráðamenn hafi tíma til að lesa yfir einkunnir og gera athugasemdir ef þurfa þykir áður en þær eru fluttar úr námskerfi grunnskólans inn í gagnabanka framhaldsskólanna. Nemendur fá vitnisburð sem jafnframt er vottorð um lok skyldunáms.

Innritunarferlið

Menntamálastofnun hefur umsjón með innritun í framhaldsskóla og sendir forráðamönnum bréf þessefnis. Þá eru veflyklar sendir í grunnskólanna og skólastjórnendur sjáum að afhenda nemendum lykllana. skólar senda forráðamönnum upplýsingar um forinnritun og lokainnritun þar sem ferlinu er lýst frá upphafi til enda. Vefsíðan www.menntagatt.is er kynnt fyrir forráðamönnum og nemendum og einnig er fésbókarsíða er þar sem hægt er að varpa fram spurningum til ráðgjafa.

Á heimasíðu Fjölbrautaskóla Snæfellinga www.fsn.is má sjá upplýsingar um innritun í FSn og tengla á hagnýtar síður

Miðlun upplýsinga vegna nemenda

Farið er með upplýsingar um nemendur skv. reglugerð nr. 897/2009. Þar segir m.a.:Skólastjóra eða öðrum sérfræðingum á vegum sveitarfélags er heimilt að miðla, að fengnu samþykki foreldris, nauðsynlegum persónuupplýsingum um einstaka nemendur til framhaldsskóla. Með samþykki er átt við upplýst samþykki samkvæmt lögum um

persónu-vernd og meðferð persónuupplýsinga. Skólastjóri ber ábyrgð á miðlun upplýsinga um námsmat vegna flutnings milli skóla og innritunar í framhaldsskóla og að foreldrar fái vitneskju um slíkar upplýsingar. Grunnskólinn sendir einkunnir allra nemenda inn í gagnabanka framhaldsskólanna við útskrift úr grunnskóla. Forráðamenn bera ábyrgð á að flytja allar aðrar upplýsingar milli skólastiga s.s. upplýsingar um ástundun og félagsstörf, einstaklingsnámskrár og niðurstöður greininga. Grunnskólanum er skylt að virða varðveisluskyldu þeirra gagna sem nýtt hafa verið í skólanum. Forráðamenn hafa ávallt aðgang að þeim gögnum

Tengiliðir í vinnuferli skýrslu

Aðili frá Grunnskóla Snæfellsbæjar

Aðili frá Grunnskóla Grundarfjarðar

Aðili frá Grunnskóla Stykkishólms

Aðili frá Fjölbautaskóla Snæfellinga

Aðili frá Félags- og skólajónustu Snæfellinga

Skýrsla samþykkt 6. júní af öllum hlutaðeigendum.